



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# STEFÁN RAGNAR.<sup>GO</sup> TORTELIER



**14. SEPTEMBER 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd:

Sinfónía: 29'

Flautukonsert: 19'

Konsert fyrir hljómsveit: 29'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



FIN 14 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER

---

**Yan Pascal Tortelier**  
hljómsveitarstjóri

---

**Stefán Ragnar  
Höskuldsson**  
einleikari

---

---

## EFNISSKRÁ

Charles Gounod

**Sinfónía nr. 1 í D-dúr** (1855)

Allegro molto

Allegretto moderato

Scherzo: Non troppo presto - Trio

Finale: Adagio - Allegro vivace

Jacques Ibert

**Konsert fyrir flautu og hljómsveit** (1934)

Allegro

Andante

Allegro scherzando

## Hlé

Witold Lutosławski

**Konsert fyrir hljómsveit** (1954)

Intrada (Allegro maestoso)

Capriccio notturno e Arioso

Passacaglia, Toccata e Corale

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)



# YAN PASCAL TORTELIER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**F**ranski hljómssveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier byrjar sitt annað starfsár sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Íslands með fágæti úr tónlistarauði heimalands síns, fyrstu sínfóníu Charles Gounod.

Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu. Hann hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadíu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Konservatóríð í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómssveitinni í Lundúnum. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómssveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Accademia Chigiana í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarhljómssveitarstjóri Orchestre National du Capitole de Toulouse. Tortelier var síðan aðalhljómssveitarstjóri Ulster-hljómssveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunni á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sínfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómssveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgeststjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómssveitum heimsbyggðarinnar, þar á meðal London Symphony Orchestra, London Philharmonic Orchestra, Orchestre de Paris, Royal Concertgebouw Orchestra, Tékknesku fílharmóníunni og Fílharmóníuhljómssveitinni í St. Pétursborg, Filharmonien í Osló, Filarmonica della Scala Milan, Philadelphia Orchestra, Los Angeles Philharmonic og sínfóníuhljómssveitunum í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabíll starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk einkum með Ulster-hljómssveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómssveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómssveitarútsætning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



---

# STEFÁN RAGNAR HÖSKULDSSON

## Einleikari

**S**tefán Ragnar Höskuldsson er 1. flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Chicago og nafntogaður einleikari og kammersúsíkant á heimsvísu. Áður gegndi hann stöðu sólóflautuleikara í hljómsveit Metropolitan-óperunnar frá 2008–2016. Hefur hann hlotið lof í New York Times fyrir leiksnerpu og tilfinningaríka tjáningu.

Stefán Ragnar hefur leikið víða um Bandaríkin, Evrópu og Japan með hljómsveitarstjórum á borð við James Levine, Valery Gergiev, Daniel Barenboim, og Ricardo Muti og kemur reglulega fram í Carnegie Hall með hljómsveit Metropolitan-óperunnar og kammersveit hennar. Þá hefur hann unnið með píanóleikurunum Evgeni Kissin og Alfred Brendel, fiðluleikaranum Gil Shaham og sópransöngkonunni Önnu Netrebko svo dæmi séu tekin.

Á árunum með Metropolitan-óperuhljómsveitinni lék Stefán Ragnar sem gestur 1. flautu með Los Angeles-fílharmóníunni, Mostly Mozart Festival-hljómsveitinni og Chicago-sinfóníunni. Sem einleikari hefur hann m.a. leikið á Pacific-tónlistarhátíðinni í Sapporo, Sir James Galway-alþjóðlegu flautuhátíðinni í Lucerne og í beinni útsendingu á BBC Radio Tune í London. Árið 2011 flutti Stefán Ragnar konsert Mozarts fyrir flautu og hörpu með félagum úr Metropolitan-hljómsveitinni og 2013 lék hann konsert Nielsens með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Ashkenazys. Þá hefur hann nýlega flutt flautukonserta Lowells Liebermann og D-dúr konsert Mozarts.

Stefán Ragnar Höskuldsson kennir við einkaskóla í New York og hefur verið í kennarateymi Pacific-tónlistarhátíðarinnar frá 2010. Þá hefur hann haldið meistaranámskeið í virtum tónlistarháskólum svo sem Juilliard-tónlistarháskólanum í New York og Royal Academy of Music í London.

Stefán Ragnar nam flautuleik hjá Bernharði Wilkinson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám í Royal Northern College of Music í Manchester.

Hægt er að hlýða á leik Stefáns á rás Metropolitan óperunnar. Fyrsti sólódiskur hans kom út hjá Delos-útgáfunni árið 2015.



# CHARLES GOUNOD

## SINFÓNÍNA NR. 1 Í D-DÚR

Charles Gounod (1818–1893) fæddist í smábænum Saint-Cloud í nágrenni Parísar. Faðir hans var listmálari en móðirin fær píanisti og hjá henni fékk Gounod sína fyrstu tónlistarmentun. Hann lærði síðar hjá bæheimska tónskáldinu Anton Reicha áður en hann var tekinn inn í Konservatóríið í París. Eftir þriggja ára nám þar hlaut hann Prix de Rome-verðlaunin sem tryggðu honum þriggja ára dvöl í Róm. Á þessum árum kynntist hann Fanny Mendelssohn en hún opnaði fyrir honum heim þýskrar hljóðfæratónlistar með verk Beethovens í forgrunni. Á heimleið eftir dvölinu í Róm heimsótti Gounod Felix, bróður Fannyar, í Leipzig og heyrði meðal annars *Skosku sínfóníu* Mendelssohns sem hafði mikil áhrif á hann.

Óperutónlist var á þessum tíma allsráðandi í París og sagði tónskáldið Camille Saint-Saëns eitt sinn, að sá sem vogaði sér að freista gæfunnar á sviði sínfónískrar tónlistar, yrði sjálfur að standa straum af flutningnum og láta sér nægja að bjóða vinum og gagnrýnendum á tónleikana.

Gounod sló í gegn með óperu sinni *Faust* árið 1859. Fyrstu óperunum sem hann samdi á árunum uppúr 1850 var aftur á móti fálega tekið - og líkt og hann orðaði það sjálfur - ákvað hann árið 1855 að leita sér huggunar með því að snúa sér að öðru tónlistarformi, sínfóníunni. Samdi hann sínfóníurnar í D-dúr og Es-dúr á innan við ári og eru þær hans einu verk af þessari gerð. Byrjaði hann á þriðju sínfóníunni en lauk ekki við hana.

Sínfóníur Gounods eru í röð mikilvægustu sínfónísku verka Frakka frá miðri 19. öld. Þær eru trúar sínfónísku hefðinni hvað uppbyggingu varðar en eru frumlegar á margan hátt. Vissulega heyrast í þeim kunnugleg stílbrögð frá skáldbræðrum hans af þýska skólanum en persónulegt tónmál Gounods er þó stöðugt í forgrunni.

Fyrsta sínfónía Gounods er sérlega vel samin, glæsileg og aðlaðandi tónsmíð sem akkur er í fyrir íslenska tónlistarunnendur að fá loks að kynnst.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Charles Gounod kvaddi sér fyrst hljóðs á öðrum tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands í Austurbæjarbíói 24. febrúar 1950 þegar Guðmundur Jónsson óperusöngvari söng ariuna Dansinn um gullkálfinn úr óperunni Faust. Það eru einmitt atriði úr þeirri óperu sem oftast hafa hljómað á tónleikum hljómsveitarinnar í gegnum tíðina. Sínfóníurnar tvær hljóma aftur á móti í fyrsta sinn á þessu starfsári.



# JACQUES IBERT

## KONSERT FYRIR FLAUTU OG HLJÓMSVEIT

Jacques François Antoine Ibort (1890–1962) fæddist í París og byrjaði fyrir hvatningu foreldra sinna ungur að læra á fiðlu og píanó. Tvítugur að aldri fékk hann inngöngu í tónsmíðadeild tónlistarháskóla borgarinnar en meðal kennara hans þar voru Émile Pessard, fyrrum lærifaðir Ravels, og André Gedalge en þekktir samnemendur hans í bekk Gedalges voru Arthur Honegger og Darius Milhaud.

Fyrri heimsstyrjöldin og skyldur Iborts sem sjóliðsforingja töfðu tónsmíðanámið um hríð en að stríðinu loknu tók hann þráðinn upp að nýju. Árið 1919 vann hann - líkt og Gounod - hin eftirsóttu Rómarverðlaun - Prix de Rome - sem gerðu honum kleift að stunda frekara nám við Frönsku akademíuna í Villa Medici í Róm. Þess má geta að Maurice Ravel gerði fimm tilraunir til að hneppa þessi verðlaun en án árangurs. Síðar á ævinni átti Ibort eftir að gegna stöðu forstöðumanns þessarar sömu stofnunar í ríflega 20 ár og um leið óopinberri stöðu sendiherra franskrar menningar á Ítalíu. Þá var hann um nokkurra ára skeið óperustjóri Parísaróperunnar og Opéra Comique.

Jacques Ibort samdi á ferlinum fjölbreytilegustu tónlist, meðal annars sjö óperur, nokkra balletta, kvikmynda- og leikhústónlist, píanó- og kammertónlist, hljómsveitartónlist, kórverk og fjóra einleikskonserta. Flautukonsertinn, sem er nr. 2 í röð konsertanna, er einn vinsælasti og mest leikni konsert sinnar tegundar.

Konsertinn samdi Ibort að beiðni Marcel Moyse sem var einn af mikilmetnustu flautuleikurum liðinnar aldar. Fyrstu drög að verkinu ná aftur til ársins 1932 en Moyse frumflutti konsertinn árið 1934 undir stjórn annars nafntogaðs flautuleikara, Philipps Gaubert. Yfirbragð fyrsta kaflans er glæsilegt og eirðarlaust, hægi kaflinn aftur á móti ljúfur og syngjandi. Lokakaflinn er gletta sem rofin er af angurværum og þenkjandi millipætti áður en fjörið heldur áfram allt til enda.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Flautukonsert Iborts heyrðist í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á aðventunni árið 1965. Páll P. Pálsson stjórnaði flutningnum en einleikari var enski flautuleikarinn Geoffrey Gilbert. Hann bar ungur nýja strauma inn í breskan flautuskóla og hafði mikil áhrif á næstu kynslóðir breskra flautuleikara en meðal nemenda hans voru James Galway, William Bennett og Trevor Wye. Tíu árum síðar kom Jean-Pierre Rampal, sem þá var einn dádæsti flautuleikari veraldar, og lék verkið undir stjórn landa síns og nafna, Jacquillat. Síðan þá hefur flautukonsertinn hljómað alls 7 sinnum, síðast í meðförum Emilíu Rósar Sigfúsdóttur í apríl 2016.



# WITOLD LUTOSŁAWSKI

## KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

**P**ólska tónskáldið Witold Lutosławski (1913–1994) er í röð helstu tónskálda 20. aldarinnar. Sex ára gamall hóf hann nám í píanóleik í heimaborg sinni Varsjá. Nítján ára innritaðist hann í Tónlistarháskólann í Varsjá og lauk þaðan prófi í píanóleik fjórum árum síðar- og í tónsmíðum árið þar á eftir. Hann lauk við *Sinfónísk tilbrigði* árið 1939 og voru þau frumflutt af Pólsku útvarpshljómsveitinni í Varsjá í mars sama ár. Styrjöldin sem braust út stuttu síðar hafði margvísleg áhrif á líf og starf Lutosławskis. Hann var handtekinn af Þjóðverjum en tókst að flýja úr fangabúðum þeirra og gekk 400 kílómetra leið heim til Varsjár og fór huldu höfði þar til stríðinu lauk. Þessi ár brauðfæddi hann sig með píanóleik á kaffihúsum Varsjár ásamt vini sínum, tónskáldinu Andrzej Panufnik. Í einum af þessum kaffihúsum varð stúlka að nafni Maria Danuta Bogusławska á vegi hans en hún átti síðar eftir að fylgja honum ævilangt sem eiginkona og hægri hönd í lífi og starfi.

Fyrsta sinfónía Lutosławskis var frumflutt árið 1948 en hún var fordæmd af yfirvöldum og var Lutosławski í kjölfarið rekinn úr Tónskáldafélagi Póllands. Þetta andrúmsloft kúgunar varð til þess að Panufnik, vinur Lutosławskis, flúði land árið 1954 en Lutosławski þraukaði. Það sama ár var *Konsert fyrir hljómsveit* frumfluttur af Fílharmoníuhljómsveitinni í Varsjá. Aflaði verkið tónskáldinu tveggja verðlauna heima fyrir og alþjóðlegrar athygli en konsertinn er fyrsta stóra verk Lutosławskis í hinum þjóðlega stíl sem einkenndu verk hans eftir fyrstu sinfóníuna. Síðar átti stíll hans eftir að taka miklum breytingum.

Witold Lutosławski samdi *Konsert fyrir hljómsveit* undir áhrifum frá samnefndu verki Béla Bartóks frá 1943. Líkt og konsert Bartóks er verk Lutosławskis glæsítónsmíð þar sem allir hljóðfærahópar hljómsveitarinnar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Verkið er í þremur þáttum og notar tónskáldið styrkleikasvið hljómsveitarinnar sem og tónsvið hljóðfærananna til hins ýtrasta í þessum tónbálki sem er fullur af hugmyndaauðgi og áhrifamiklum augnablikum.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Konsert Lutosławskis fyrir hljómsveit hefur hljómað sex sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fyrst árið 1967 undir stjórn Bohdans Wodiczko, tvisvar í túlkun Páls P. Pálssonar (1978 og 1990), þá Petris Sakari (1998) og Baldurs Brönnimann (2011). Síðast stjórnaði Daníel Bjarnason flutningi verksins í Hörpu í apríl 2016. Þess má geta að Bohdan Wodiczko var aðalstjórnandi Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Varsjá [sem frumflutti konsertinn 1954] frá 1955–58, en hann kom mikið við sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árum áður og var aðalstjórnandi hennar um fjögurra ára skeið.

*Sigurður Ingvi Snorrason*





# JÓN ÞÓRARINSSON

Í gær, 13. september 2017, voru liðin 100 ár frá fæðingu Jóns Þórarinssonar tónskálds.

Jón var einn af stofnendum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og átti drjúgan þátt í að þetta óskabarn þjóðarinnar leit dagsins ljós þann 9. mars árið 1950. Jón segir svo frá: „Síðsumars 1947 fer ég heim og til starfa á tónlistardeild Ríkisútvarpsins [eftir tæplega fjögurra ára námsdöl í Bandaríkjunum]. Skömmu eftir að ég kom heim var ég boðinn heim til Hauks Gröndal, sem var meðlimur Tónlistarfélagsins, en þar var einnig Björn Jónsson en þeir tilheyrðu báðir „postulunum tólf“. Þeir tóku mig tali og spurðu hvaða viðhorf ég hefði til hljómsveitarmála á Íslandi. Þeir munu hafa komist að þeirri niðurstöðu að hægt væri að hafa eitthvert gagn af mér í þeim málum.“ Jón vann síðan mikið að hljómsveitarmálinu þá um haustið og næstu árin bæði með mönnum innan Tónlistarfélagsins og í samráði við yfirmann sinn á tónlistardeildinni, Pál Ísólffson. Jón varð síðan fyrsti stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1950–1953 og framkvæmdastjóri hennar frá 1956–1961. Þá sat hann aftur í stjórn hljómsveitarinnar frá 1998–2002.

Jón Þórarinnsson var hámenntaður tónlistarmaður. Eftir nám við Tónlistarskólann í Reykjavík nam hann við Yale-háskólann í Bandaríkjunum hjá Paul Hindemith en einnig við Juilliard-tónlistarháskólann í New York og síðar í Austurríki og Þýskalandi. Eftir heimkomuna kenndi hann svo um árabíl tónsmíðar og tónfræði við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þá starfaði hann hjá Ríkisútvarpinu í ríflega þrjá áratugi og var m.a. fyrsti dagskrárstjóri lista- og skemmtideildar Sjónvarpsins. Við þetta mætti bæta ritstörfum Jóns og fjölmörgum öðrum störfum sem hér verða ekki upp talin.

Eftir Jón liggja fjöldamörg tónverk af ýmsum stærðum og gerðum, allt frá sönglögum til stærri verka á borð við *Völuspá*, sem hann samdi sérstaklega í tilefni þjóðhátíðarinnar 1974 og Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti á Arnarhóli þá um sumarið ásamt einsöngvurum og 100 manna kór undir hans stjórn. Í nótnasafni hljómsveitarinnar eru líka fjölmargar útsetningar á íslenskum sönglögum ýmissa höfunda sem Jón gerði og eru einar og sér miklar gersemar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands minnst Jóns Þórarinssonar með þakklæti og djúpri virðingu á þessum tímamótum.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

14. SEPTEMBER 2017

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Andrzej Kleina  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pascal La Rosa  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Þórdís Stross  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Greta Guðnadóttir  
Ísak Ríkharðsson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Christian Diethard  
Dóra Björgvinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Roland Hartwell

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Fidel Atli Gasparsson  
Sarah Buckley  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Vigdís Másdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Júlía Mogensen  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Baldvin Tryggvason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Dai Yuan  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvin Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir  
Valgerður Andrésdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

## Á DÖFINNI

FIM **21** SEP 19:30

---



## FRÖNSK VEISLA

**Y**an Pascal Tortelier býður til símfónískrar veislu þar sem flutt verða létt og aðgengileg tónverk frá heimalandi hans. Leiknir verða vinsælir þættir úr verkum Offenbachs, fjörug valsasyrpa eftir Ravel og Lærisveinn galdrameistarans eftir Dukas. Hollensku bræðurnir Lucas og Arthur Jussen, skærustu ungstirni píanóheimsins, sem vöktu mikla athygli fyrir tónleika sína í Hörpu fyrir fáeinum árum, snúa nú aftur til Íslands með einn frægasta tvíkonsert allra tíma í farteskinu, konsert fyrir tvö píanó eftir Poulenc.

SUN **24** SEP 17:00

---



## UNGSVEITIN LEIKUR VORBLÓT

**V**orblót Stravinskíjs er eitt dádasta hljómsveitarverk 20. aldar. Tónlistin er kröftug og spennuþrungin enda er hér lýst fornri helgiathöfn þar sem valin er ein úr hópi ungra meylla til að dansa sig til dauða – og tryggir þannig komu vorsins. Á þessum tónleikum mætir til leiks stærsti hópur sem leikið hefur undir merkjum Ungsveitar Símfóníuhljómsveitar Íslands enda samdi Stravinskíj verk sitt fyrir risavaxna hljómsveit. Rússneski hljómsveitarstjórinn Daniel Raískin heldur um taumana en hann hefur margoft starfað með ungmennum að metnaðarfullum verkefnum.

**03-12** OKT

---



## LOS ANGELES REYKJAVÍK

**Á**vordögum 2017 hélt Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles umfangsmikla hátíð þar sem íslensk tónlist og íslenskir flytjendur voru í forgrunni. Litrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt hljómsveitarstjóranum Esa-Pekka Salonen var Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Símfóníuhljómsveitar Íslands. Símfóníuhljómsveit Íslands lætur ekki sitt eftir liggja heldur blæs til tveggja vikna hátíðar þar sem tónlist frá Los Angeles skipar veglegan sess.



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



**Hallfríður:** Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

**Þórarinn:** Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)